

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2006  
Tilvísun: UST20060600100/bs

**Breyting á vegi F910 frá Laugarhúsum í Hrafnkelsdal inn á Kárahnjúkaveg. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við greinargerð vegna breytinga á vegi F 910.

Fyrir þarf að liggja hannaður vegur og þar með ákveðin staðsetning hans í landi, eða fastmótaðar tillögur veghönnuðar.

Gera þarf grein fyrir skeringum og fyllingum.

Gera þarf grein fyrir hvar og hvernig ár verði þveraðar, ásamt stærð vegfyllinga í giljum

Gera þarf grein fyrir efnistöku, þ.e. hvernig staðið verði að efnistöku og hvernig gengið verði frá að henni lokinni.

Gera þarf grein fyrir frágangi vegsvæðis.

Gera þarf grein fyrir náttúrufari svæðisins. Hugsanlega er hægt að nota gögn frá mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar, þar sem fyrirhuguð vegagerð verður innan þess svæðis sem kannað var vegna fyrrnefnds mats.


Leggja þarf fram betri kort.

Varðandi nýtingu útmoksturs við Aðgöng III skal bent á að ekki virðist allt efni sem þar er að finna jafn gott til vegagerðar sbr. það efni sem nýtt hefur verið í núverandi veg að Aðgöngum III

Umhverfisstofnun telur ekki unnt að veita umsögn um breytingu á vegi F 910 á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson

  
Helgi Jensson  
Forstöðumaður